

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Ofanflóðavarnir ofan Bíldudal. Viðbrögð við umsögnum vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir ofan Bíldudals; Stekkjargil/Gilsbakkagil og Milligil.**

Náttúrustofa Vestfjarða hefur sent inn til Skipulagsstofnunar kynningaskýrslu um framkvæmd á ofanflóðavörnum ofan Bíldudals og beiðni um að Skipulagsstofnun taki málið til meðferðar. Skipulagsstofnun sendi skýrsluna til umsagnar og komu viðbrögð frá: Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vesturbyggð, Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands. Umsagnir Veðurstofu, Vesturbyggð og Náttúrufræðistofnun kröfðust ekki viðbragða framkvæmdaraðila. Viðbrögð Vegagerðarinnar og Minjastofnunar Íslands kröfðust hins vegar viðbragða og er þeim lýst hér.

## Umsögn Vegagerðarinnar

Vegagerðin telur að nægilega vel sé gert grein fyrir helstu framkvæmdarþáttum og telur þá viðbót sem bætt var við framkvæmdina ekki líkleg til að fela í sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetninga. Hins vegar bendir Vegagerðin á að kanna þurfi hvort verði meiri snjósöfnun á vegum vegna garðanna.

### Viðbrögð framkvæmdaraðila:

*Eftirfarandi almenni texti er í frumathugunarskýrslu um snjósöfnun við varnir:*

#### 6.10 Snjósöfnun við varnir

Ríkjandi vindáttir á Bíldudal bæði að vetrar- og sumarlagi eru N og NA-áttir meðfram Bíldudalsfjalli. Mestur vindhraði fylgir líka N og NA-áttum, sem þar með eru ráðandi skafrenningsáttir. Fjallað er um veðurfar á Bíldudal í kafla 2.2.1 „Veður“.


Varnargarðarnir liggja allir samsíða Bíldudalsfjalli. Áhrif þeirra á snjósöfnun og vindafar gætu verið:

- Lítil sem engin fjallsmegin og í byggð, nema í stuttan tíma í óalgengum NV og SA áttum.
- Mögnun á vindstreng samsíða fjalli, staðbundið í skeringarrásum. Þetta virðist gerast víða, t.d. á Siglufirði.
- Dregið gæti í skaf út frá suðurenda garðs, líkt og sunnan þvergarða á Siglufirði, um 100 m frá garðsenda. Við suðurenda er ekki byggð og því ætti slíkt ekki að valda óþægindum, nema hugsanlega auknum snjó á túni. Áhrifin verða líklega minni en á Siglufirði, þar sem suðurendi garða er einungis 4 m hár og flóðhlið aflíðandi.

*Í punkti 1 kemur fram að í stuttan tíma í óalgengum NV áttum geti safnast snjór hlémegin við garða (mynd 2). Almenn á við um hvassar vindáttir að skjólsvæði og snjósöfnun nær að hámarki (5-10)H frá varnargarði, þar sem H er hæð varnargarðs. Á mynd 1 er þessi fjarlægð skoðuð sem er: 40-140 m, fyrir 4-14 m háa garða. Hús og trjágróður neðan garða leiðir svo til þess að þessi vegalengd styttest.*



Mynd 1. Fjarlægðir garðs frá vegi.



Mynd 2. Úr vindatlas Ví. Vindrós af Bíldudalsfjalli.

Út frá þessu er ekki hægt að útiloka að viðbótarsnjósöfnun geti náð út að Dalbraut við Dalbraut 30, eða á þeim kafla sem varnargarðurinn er 14 m hár. Áhrifsvæði: 70-140 m. Fjarlægð í veg: 90 m. Annarsstaðar nær áhrifsvæði garðs á snjósöfnun ekki út að vegi. Þar sem NV-áttir eru óalgengar, hár vindhraði fylgir þeim sjaldan og gróður og hús eru milli garðs og vegar á þessum kafla má draga þá ályktun að áhrif aukinnar snjósöfnunar á Dalbraut verði óveruleg.

## Umsögn Minjastofnunar

Minjastofnun telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum af því gefnu að gengið verði að þeim kröfum sem stofnunin setur fram hér á eftir.

Í skýrslu Náttúrustofunnar (2015) er lagt til að gerðir verði könnunarskurður í garðlag (ÍS-140458-200-010) og útihús (ÍS-140458-200-011). Minjastofnun telur að ekki fengjust meiri upplýsingar um gerð og aldur garðsins þó grafnir yrðu skurðir við eða í gegnum hann. Minjastofnun hvetur til þess að reynt verði að varðveita eins mikið af garðinum og unnt er.

**Viðbrögð framkvæmdaraðila:** *Reynt verður að varðveita eins mikið af garðinum eins og unnt er.*

Merkja þarf útihús (ÍS-140458-200-012) býli (ÍS-140458-200-013) og rúst (ÍS-140458-200-014) á meðan framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að minjar raskist af vangá.

**Viðbrögð framkvæmdaraðila:** *Minjar ÍS-140458-200-012, ÍS-140458-200-013 og ÍS-140458-200-014 verða merktar.*

Gera þarf könnunarskurði í tóft (2743-001), tóft (2743-002) og garðlag (2743-003). Öll hafa þessi mannvirki verið hlaðin úr grjóti. Til að reyna komast að hlutverki útihúsanna sem stóðu þarna og til að reyna fá hugmynd um aldur tóftanna og garðlagsins telur Minjastofnun Íslands að grafa þurfi könnunarskurði í gegnum garðlagið og inni í tóftunum.

**Viðbrögð framkvæmdaraðila:** *Gerðir verða könnunarskurðir í minjar 2743-001, 2743-002 og 2743-003.*

Fjórar minjar, tóft (2743-004), rétt (2743-005), þúst (2743-006) og tóft (2743-007) eru í nágrenni við framkvæmdasvæðið en þó utan við það. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi þessar minjar vel til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá á meðan framkvæmdum stendur.

**Viðbrögð framkvæmdaraðila:** *Minjar 2743-004, 2743-005, 2743-006 og 2743-007 verða merktar.*

Minjastofnun Íslands barst beiðni frá íbúum á Bíldudal um að friðlýsa minnisvarða á Tungunni á Bíldudal. Ekki er fjallað um þetta svæði í skýrslu framkvæmdaraðilans nú. Af myndum af legu ofanflóðavarnanna, eins og þær eru hugsaðar nú, má þó ætla að tekið hafi verið tilliti til sjónarmiða íbúa á Bíldudal og að Tungunni verði ekki raskað.

**Viðbrögð framkvæmdaraðila:** *Ályktun er Minjastofnunar er rétt, ekki verður hróflað við Tungu eins og lagt var upp með í fyrri hönnun.*

Virðingafyllt,

Hulda Birna Albertsdóttir